

Framhaldsskólinn í  
Austur-Skaftafellssýslu



# Sjálfsmatsskýrsla

## Skólaárið 2009-2010

September 2010  
Eyjólfur Guðmundsson

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	2
1. Kennarafundur .....	2
2. Uppgjörsfundur .....	3
3. Nemendamatsfundur .....	4
4. Aðrir fundir .....	5
5. Miðannarviðtöl.....	6
6. Uppgjörsskýrslur.....	6
7. Kennitölur .....	6
8. Áfangamat.....	8
9. Mat rýnihóps nemenda.....	8
10. Undirbúningur fyrir háskólanám, FAS nemendur í Háskóla Íslands.....	10
Lokaorð .....	12
Viðauki.....	13

## Inngangur

Þessi skýrsla er samantekt á sjálfsmati Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu fyrir skólaárið 2009 til 2010. Skýrslan byggir á lögum um framhaldsskóla, aðalnámskrá framhaldsskóla, skólasamningi 2010 – 2012, sjálfsmats verk- og framkvæmdaáætlun fyrir haustönn 2009 til vorannar 2013 og kröfu mennta- og menningarmálaráðuneytisins um skil á sjálfsmatsskýrslu fyrir skólaárið 2009 - 2010. Unnið er að miklum breytingum á skipulagi Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu í kjölfar nýrra laga um framhaldsskóla. Sjálfsmat skólans er því ekki vel samræmt öllum þeim þáttum sem sjálfsmatið byggir á. Í skýrslunni verður gerð grein fyrir því sjálfsmati sem unnið var að á skólaárinu og einkum tekið mið af sjálfsmatsáætlun í framsetningu og niðurröðun efnis.

Matið er tekið fyrir í tíu liðum. Liðirnir eru: Kennarafundir, uppgjörsfundur, nemendafundur, aðrir fundir, miðannarviðtöl, uppgjörsskýrslur, kennitölur, áfangamat, mat rýnihópa nemenda og mat fyrrum nemenda.

Öll umfjöllun og framsetning er við það miðuð að skýrslan verði gerð opinber á vef skólans. Hér eru því engar persónugreinanlegar upplýsingar en fremur lögð áhersla á að fjalla almennt um skólann og einstaka þætti í starfsemi hans.

## 1. Kennarafundir

Á skólaárinu voru haldnir 16 kennarafundir og þar af einn uppgjörsfundur sem gerð verður grein fyrir sérstaklega. Átta almennir kennarafundir voru á haustönn og sjö á vorönn. Hér verður fyrst og fremst fjallað um þau atriði á kennarafundum sem tengjast sjálfsmati á einhvern hátt.

Á öllum kennarafundum ársins utan þess síðasta í lok haustannar var farið yfir stöðu nemenda. Umsjónarkennarar fylgjast með og fara yfir stöðuna hvað varðar mætingar en kennarar í einstaka áföngum hvað varðar ástundun. Á kennarafundum eru viðbrögð og aðgerðir gagnvart nemendum samræmdar.

Eitt meginviðfangsefni kennarafunda var ný námskrá sem taka átti gildi ekki seinna en haustið 2011 samkvæmt nýjum lögum um framhaldsskóla. Vegna aðstæðna í samfélaginu ákvað ráðuneytið að gefa skólum lengri tíma til að taka upp nýja námskrá. Námskrármál voru rædd á tíu fundum. Farið var yfir hugsanlegar nýjar áherslur og ræddar tillögur að breytingum og milli kennarafunda var námskrárhópur að störfum.

Umgengni og munntóbaksnotkun var rædd á fyrsta fundi. Muntóbaksnotkun rædd á fleiri fundum og ákveðið í kjölfarið að banna notkun þess í kennslustofum og á vinnusvæði nemenda.

Á fundi þann 13. 11. var farið yfir fyrirkomulag á áfangamati nemenda og ákveðið að hafa það með sama hætti og á vorönn 2009. Á sama fundi var einnig rætt um nýafstaðna vísindaviku sem haldin var í fyrst skipti í byrjun mánaðarins.

Á fundi þann 27.11. var farið yfir verklagsreglur varðandi formlegar áminningar og brottrekstur svo og próf og próftöku. Einnig var rætt um fyrirkomulag uppgjörsskýrslna kennara við lok annar. Umgengni á kennarastofu var rædd og tekið upp nýtt fyrirkomulag varðandi umsjón með umgengni þar.

Síðasti fundur haustannar var 18.12. og þar var áfram rætt um verklagsreglur varðandi áminningar og brottrekstur og einnig um mætingareglurnar. Á fundinum var farið yfir samantekt umsjónarkennara hvað varðar ástundun nemenda og ákveðið að umsjónarkennarar ræddu sérstaklega við þá nemendur sem komu illa út úr því. Námsmat og vinnuumhverfi nemenda utan kennslustunda var einnig rætt og í því

samhengi nýtt fyrirkomulag námsmats með nýrri námskrá. Rætt um hvernig til tókst með það fyrirkomulag að leyfa nemendum með prófkvíða að vera í sérstakri stofu í lokaprófum.

Opin vika var rædd á þremur fundum vorannar; bæði var rætt um skipulag vikunnar og hvernig til tókst. Þegar farið var yfir stöðu nemenda á öðrum fundi vorannar beindist umræðan inn á tölvufíkn og þunglyndi. Ákveðið var í kjölfarið að fá fræðslu um þunglyndi inn á kennarafund þann 19.3.

Fyrirkomulag nemendaferða á vegum skólans var rætt á kennarafundi í febrúar og í kjölfarði ákveðið að setja skýrari reglur um áfengsneyslu og hegðun almennt í nemendaferðum. Umræðan leiddi einnig til þess að ákveðið var að ræða við nemendaráð um neyslu áfengis í tengslum við árshátíð skólans. Almenn umgengni var einnig til umræðu og ákveðið að nota mánudaginn á eftir til að tína upp rusl á lóð skólans.

Á fundum í apríl var rætt um sjálfsmat og farið yfir sjálfsmatsáætlun. Ný áætlun var samþykkt á fundi þann 30. apríl. Bætt var inn í áætlunina umsjónarviðtölum og starfsmannaviðtölum. Einnig var mati útskriftarnemenda breytt í mat rýnihópa nemenda. Á seinni fundinum í apríl var einnig ákveðið að í stað þess að hver kennari ræddi uppgjörsskýrslur sínar við skólameistara þá yrðu þær ræddar í faghópum kennara. Í lok fundar var rætt um hversu vel tókst til með dimmision útskriftarnemenda.

## 2. Uppgjörfundur

Uppgjörfundur var haldinn þann 27. maí. Fundurinn stóð frá klukkan 9 til 15 og á honum var einkum farið yfir starf líðandi vetrar en einnig horft fram á veginn. Fyrsta mál á dagskrá var yfirferð umsjónarkennara um stöðu sinna nemenda og almennar umræður um umsjónarkerfið. Helsta niðurstaðan var að fá nemendur sem standa illa í regluleg viðtöl til umsjónarkennara til að fara yfir stöðuna.

Annað mál á dagskrá var umræða um faggreinarfundi kennara sem haldnir voru til að ræða uppgjörsskýrslur og komu í stað fundar einstaka kennara með skólameistara. Einkum var rætt um námsmat, árangur í stærðfræði og tölvunotkun nemenda. Ákveðið að skerpa og samræma reglur varðandi hvenær nemendur geta sleppt lokaprófi í áföngum.

Næst rætt um erlend samskiptaverkefni sem mikil ánægja er með þó að stundum gangi þau þvert á annað skipulag náms. Rætt var um hvernig megi skipuleggja slíkt nám betur í nýrri námskrá þannig að það falli betur að heildinni eða heildin að því.

Á fundinum var einnig rætt um samskipti starfsmanna við skrifstofu skólans. Samskiptin voru talin góð en þó er mikilvægt að fylgja þeim vinnureglum sem settar hafa verið varðandi skipulag prófa og annað slíkt. Verkefnastjóri félagslífs nemenda fór yfir félagslífið á liðunum vetri; mikil gróska í starfinu ekki hvað síst í tengslum við fjallamennsku og leiklist. Rætt um hversu vel gekk að hafa sér stofur fyrir nemendur með prófkvíða í tengslum við yfirferð námsráðgjafa um sitt starf. Í lok yfir ferðar um starfið liðinn vetur var velt upp spurningum um þróun í átt að gjaldfrjálsum eða opnum tölvukerfum, uppbygging bókasafns og umgengni nemenda þar.

Seinni hluti fundar fór í umræður um komandi tíð þar sem farið var yfir dagatal haustannar og þróunarverkefni næsta vetrar. Kynnt var þátttaka skólans í verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli og sagt frá styrkumsóknum til verkefna sem nefnast: FAS og grenndarsamfélagið, Grasrótarnámi í listum og Nám í fjallaleiðsögn.

### 3. Nemendamatsfundur

Þann 23. mars var efnt til nemendafundar um nýja námskrá. Nemendur voru kallaðir til fundar á sal skólans en fyrir fundinn var búið tala við nemendur sem valdir höfðu verið til að stýra fundum og skrá niðurstöður. Skipulagið var þannig að nemendum var skipt niður í átta hópa sem hver um sig átti að svara tilteknum spurningum. Í byrjun fundar var farið yfir forsendur málsins svo sem ný lög um framhaldsskóla, hugmyndir um þrepaskiptingu náms, átta grunnfærniþætti náms og fimm grunnþætti skólastarfs. Einnig var lýst þeim drögum sem komin voru varðandi nýjar og endurnýjaðar námsbrautir. Í lok kynningar voru síðan lagðar fyrir átta spurningar sem hóparnir áttu að svara en þeim gert ljóst að þeir þyrfti ekki að svara þeim öllum og að það mætti ræða aðrar spurningar en þær sem settar voru fram. Spurningarnar voru þessar:

- **Hvaða finnst ykkur um aukna áherslu á verkefnavinnu?**

Af svörum nemenda við þessari spurningu má lesa að nemendur eru mjög jákvæðir fyrir því að auka áherslu á verkefnavinnu. Sex af ellefu punktum frá nemendum voru jákvæðir en fimm punktar lýstu mismunandi skoðunum í hópnum og þá oft þeirri skoðun að nemendur gætu valið hvort þeir vildu.

- **Hvaða skoðanir hafið þið á þriggja ára skipulaginu í stúdentsnáminu?**

Áberandi var hversu margir lögðu áherslu á að nemendur ættu að geta ráðið námshraða sínum en þó voru fleiri á því að þriggja ára skipulag væri gott. Inn í umræðuna um þetta fléttaðist einnig umræða um að kenna í sex vikna lotum með færri fögum í hverri lotu. Miklar vangaveltur voru um lotufyrirkomulagið og frekar í þá átt að menn hefðu fyrirvara við slíkt fyrirkomulag en að þeir væru hlynntir því.

- **Hvort á að leggja meiri áherslu á sérhæfingu eða almenna þekkingu?**

Sex af tíu svörum sem tóku beint á spurningunni voru í þá átt að leggja ætti áherslu á sérhæfingu umfram almenna þekkingu. Í einu svari var áherslan á almenna þekkingu. Í þremur svörum var lýst ágreiningi og settar fram skoðanir um að nemendur ættu að geta valið. Í tveimur svörum var síðan fjallað um hve æskilegt það væri að skólinn sérhæfði sig.

- **Hvort á að leggja meiri áherslu á innihaldsríkan kjarna eða mikið val?**

Svörin við þessari spurningu voru ekki nema fjögur. Öll voru svörin jákvæð gagnvart auknu vali og einnig var vísað til svara við spurningu um áherslu á sérhæfingu eða almenna þekkingu.

- **Hvaða finnst ykkur um að aukna áherslu á list- og verknám?**

Viðhorf nemenda til þessarar spurningar var mjög jákvætt og nemendur fylgjandi því að auka áherslu á list- og verknám. Níu af ellefu svörum voru jákvæð og í einu svari var lögð áhersla á val nemenda og í einu kom fram að óþarft væri að hafa þetta í hefðbundnum framhaldsskólum þegar til eru listnámsskólar.

- **Hvað finnst ykkur um það að síðasta önn stúdentsprófs sé nær eingöngu sjálfstæð verkefnavinna?**

Svör við þessari spurningu voru mjög afgerandi, sex af átta svörum voru mjög jákvæð en í tveimur komu fram afgerandi sjónarmið gegn slíkri áherslu.

- **Hvað finnst ykkur um aukna áherslu á símat, fleiri kennsludaga og færri prófdaga?**

Mikil áhugi virðist vera á því miðað við svör nemenda við þessari spurningu að auka símatið. Fjögur af fimm svörum voru mjög jákvæð á aukið símat en í svari var lögð áhersla á val nemenda hvað varðar áherslu á símat eða lokapróf. Í tveimur svörum var rætt sérstaklega um fleiri kennsludaga á móti færri prófdögum. Í þeim kemur fram lítill áhugi á að breyta prófdögum í hefðbundna námsdaga, það þyrfti að auka fjölbreytni í námsdögum.

- **Lýsið draumaskólanum.**

Þessi spurning fékk flest svör eða 27 talsins en mörg þeirra voru reyndar í styttri kantinum. Mörg svörin endurspegluðu áherslur á val nemenda, fjölbreytni í námi, kennslu utan veggja skólans, aðstöðu og stuðning til að klára námið í skólanum og sleppa heimanámi og meira félagslíf en þetta eru allt atriði sem eru í góðu samræmi við stefnu skólans. Einnig var óskað eftir meiri húnor og léttleika í kennslu sem eru góðar athugasemdir. Annað fellur síður að stefnu skólans svo sem frjálsar mætingar og að mega borða á lesstofunni. Eitt svarið er mjög jákætt fyrir skólann en það er eftirfarandi: „*Annars voru allir afskaplega sáttir við FAS eins og hann er í dag, skólinn reynir að koma til móts við nemendur og þarfir þeirra*”

Segja má að heildarniðurstöður þessa nemendafundar séu þær að nemendur virðast almennt nokkuð sáttir við þær breytinga sem fyrirhugaðar eru á skipulagi skólans í tengslum við nýjar námskrá. Einnig virðast nemendur sáttir við þær áherslur verið hafa í þróun skólans á undanförunum árum. Á þessu þarf þó að hafa hæfilegan fyrirvara vegna þeirrar aðferðar sem notuð var til að fá svörin, þar sem hér birtast væntanlega fyrst og fremst skoðanir þeirra sem hafa skýrar skoðanir og eru með nægjanlega sterka sjálfsmynd til að halda þeim á lofti.

## 4. Aðrir fundir

Auk framangreindra funda voru haldnir þrír aðrir fundir þar sem efni tengt sjálfsmati var rætt. Þetta voru fyrsti Skólafundurinn, annar fundur allra stafsmanna í Nýheimum og samráðsfundur við Grunnskóla Hornafjarðar.

Samkvæmt nýjum lögum um framhaldsskóla skal halda skólafund að minnsta kosti einu sinni á ári. Rétt til setu hafa allir starfsmenn og fulltrúar nemenda. Á fundinum voru boðaðir allir stafsmenn skólans, húsverðir Nýheima og nemendaráð. Á fundinum voru framhaldskólalögin kynnt, farið yfir viðbragðsáætlun vegna svínaflensu og fjallað um áhættumat fyrir skólann. Að lokum var rædd umhverfisstefna Nýheima og útfærslu skólans á henni. Rætt var almennt um umgengi og flokkun. Sett var fram hugmynd um að taka saman tölu um hve mikið sorp safnaðist fyrir í húsinu og að kostnaður við handþurrkur á snyrtingum yrði kannaður.

Þann 8. janúar var haldinn sameiginlegur fundur allra stafsmanna Nýheima. Á sambærilegum fundi árið áður var fyrst slíki fundurinn og þá var gengið frá umhverfisstefnu Nýheima og miklar umræður urðu um veitingasölu í húsinu. Í ljósi umræðunnar á þeim fundi var ákveðið að efna til útboðs á veitingasölunni og samið var við utanaðkomandi rekstraraðila í kjölfarið og hann hóf rekstur í byrjun árs 2010. Á fundinum árið 2010 var farið yfir umhverfisstefnuna, rædd ný stefna hvað varðar framtíð Nýheima og í því samhengi fjallað um kynningarmál. Ákveðið var að gefa út kynningarrit til að upplýsa almenning á svæðinu um það sem fram fer í húsinu.

Þann 24. febrúar var haldinn samráðsfundur með kennurum í efri bekkjum Grunnskóla Hornafjarðar. Kennarar skiptu sér í hópa eftir greinum og fóru yfir skilin á milli skólastiga og þær breytingar sem eru í vændum með nýrri námskrá framhaldsskóla og færslu náms í 103 áföngunum í dönsku, ensku, íslensku og stærðfræði til grunnskólans. Talið mikilvægt að halds slíku samstarfi áfram og miðla á milli upplýsingum um nám og námsmat.

## 5. Miðannarviðtöl

Miðannarviðtöl voru tekin með sama hætti og undanfarin ár. Miðað er við að tekin séu viðtöl við alla nemendur í staðbundnu námi en fjarnemendur fá fæstir viðtöl. Farið var yfir fyrirkomulag miðannarviðtala á kennarafundum á haustönn og á vorönn. Á kennarafundum eftir viðtölin á haustönn og vorönn var farið yfir niðurstöður þeirra og sérstaklega rætt við þá nemendur sem ekki komu vel út úr miðannarmati. Almenn ánægja er með viðannarviðtöl og ekki er talin ástæða til að breyta fyrirkomulagi þeirra.


## 6. Uppgjörsskýrslur

Kennarar skiluðu uppgjörsskýrslum fyrir kennslu og önnur verkefni fyrir lok vorannar og haustannar. Skil á skýrslum voru með ágætum á vorönn en heldur verri á haustönn. Skólameistari ræddi við kennara um skýrslurnar og störf þeirra almennt í lok haustannar. Mun verr en áður gekk að finna tíma fyrir fundi kennara og skólameistara á haustönninni meðal annars vegna aukins fjölda kennara og var því brugðið á það ráð á vorönn að kennarar hittust á faggreinafundum til að fara yfir uppgjörsskýrslur. Niðurstöður faggreinafunda voru svo ræddar á uppgjörsfundi í lok vetrar. Jafnframt var ákveðið að skólameistari myndi ræða minnst einu sinni á vetri við hvern kennara um störf hans og kennslu.

## 7. Kennitölur


Frá haustönn 2005 hafa verið teknar saman úr uppgjörsskýrslum kennara tölur sem nefndar hafa verið kennitölur. Þetta eru tölur um fjölda nemendaígilda við upphaf annar, fjölda nemendaígilda til prófs, brottfall, mætingar og einkunnir.

Kennitala fyrir mætingar hefur verið búin þannig til að tekið er heildarhlutfall þeirra sem eru með skráða yfir 90% mætingu á önninni. Inn í kennitölu mætinga eru því allir nemendur með p-skráningu og fjarnemendur sem eru þá alltaf með 100% mætingu. Fjöldi fjarnemenda hefur verið mjög breytilegur á undanförunum árum sem veldur sveiflum í kennitölu mætinga án þess að þær sveiflur skýrist eingöngu af mismunandi mætingu þeirra sem eiga að mæta reglulega til kennslustunda. Þessi galli á kennitölu mætinga leiðir til þess að um þá tölu verður ekki fjallað hér en taka þarf umræðu um það hvort og á hvern hátt slík tala verði tekin upp aftur. Hér verður því einungis fjallað um nemendaígildistölur, brottfall og einkunnir.



Mynd 1

Á mynd 1 kemur fram að töluverðar sveiflur hafa verið á fjölda nemendaígilda við skólann undanfarin ár. Þróunin hefur þó heldur verið uppávið. Fyrir árið 2009 svar fjöldinn til prófs frá 109 nemendum upp í 144 en undanfarnar þrjár annar hefur hann verið frá 148 og upp í 175 nemendur. Sveiflurnar í nemendaígildum við upphafa annar hafa verið enn meiri og mesta aðsóknin er á árinu 2009, rétt eins í fjölda til prófs.




Mynd 2

Brottfallið var um 15 til 20% frá haustönn 2005 til vorannar 2008. Á haustönn 2008 ríkur það upp, helst hátt á önninni á eftir en dalar síðan og endar í 11% á síðu önn. Þegar rýnt er í tölur að baki þessum upplýsingum kemur í ljós að brottfall er jafna mest í fjarnámsáföngum og ef þeir eru hátt hlutfall af heildarfjölda þá virðist brottfallið meira. Lækkun brottfalls á síðustu önnum getur einnig stafað af minni möguleikum á að hætta námi til að fara í vinnu. Greining gagna á bak við tölur um



brottfall liggur þó ekki fyrir og varasamt er án þess að draga fram einhverja afgerandi skýringar á sveiflum.



Mynd 3

Á mynd 3 sést að sveiflur eru litlar á meðtali mismundandi einkunna í skólanum og meðalatalseinkunnir veturinn 2009 til 2010 eru mjög áþekkar sambærilegum tölum fár haustönn 2005 til haustannar 2007. Sömu tölur fyrir árið 2008 og vorönn 2009 liggja ekki fyrir. Þær breytingar sem eru þó til staðar vísa fremur í átt til lækkunar en hækkunar. Erfitt er þó að draga af því ályktanir í heildina en í einstaka áföngum geta slíkar tölur þó verið gagnlegar til að bera saman niðurstöður á milli anna.

## 8. Áfangamat

Á haustönn var lagt fyrir áfangamat. Nemendur fengu lista með spurningum um kennslu í viðkomandi áfanga. Auk þess var ein opin spurning um það sem var gott og það sem hefði mátt betur fara í áfanganum. Spurningarnar voru þessar:

1. **Hversu vel nýttust kennslustundirnar í áfanganum þér til náms í honum?**
2. **Hve vel nýttust almennar útskýringar kennara í kennslustundum þér til náms í áfanganum?**
3. **Hversu mikla einstaklingsbundna aðstoð fékkst þú í áfanganum?**

Sjá nánar í viðauka 1.

Könnunin var lögð fyrir af kennurum sem einnig unnu úr svörum og fjölluðu um þær í uppgjörsskýrslu viðkomandi áfanga.

## 9. Mat rýnihóps nemenda

Starfsmaður Þekkingarnets Austurlands í Nýheimum vann neðanskráða samantekt en skólameistari og starfsmaður Þekkingarnetsins mótuðu í sameiningu fyrirkomulag vinnu rýnihópsins. Niðurstöður rýnihópsins eru mjög í anda niðurstaðna nemendafundar sem haldinn var fyrr á önninni og fjallað er um hér að framan.

**Rýnihópur FAS 27. Apríl 2010.**  
**Framtíðarsýn til ársins 2015**

Hópurinn var myndaður af 12 nemendum frá byrjendum upp í stúdentsefni. Fyrst skráði hver og einn sínar hugmyndir, næst voru myndað þör sem unnu með hugmyndirnar áfram, loks kynnti hvert par og rökstuddi niðurstöður um draumaskólann sinn. Niðurstöðurnar sem fara hér á eftir er samantekt á því sem fram kom í hópnum.

**Fyrirmælin voru eftirfarandi:**

**Árið er 2015 og þið eruð stödd í draumframhaldsskólanum ykkar að undirbúa ykkur undir framtíðina.**

1. Hvernig lítur sá skóli út t.d. vinnuaðstaðan hvað hefur hún upp á að bjóða sem er ekki til staðar í dag?
2. Námsframboðið hvernig er því háttað? Hvaða aðferðir notið þið við námið og hvaða miðla; bækur, netið o.s.frv... Hvernig er kennsluefninu miðlað til ykkar? Hvaða hlutverki gegna kennararnir í náminu ykkar??
3. Hvernig styður framtíðarskólinn við nemendur sem eru að missa áhugann, mæta illa eða eiga í öðrum erfiðleikum með að stunda skólann? Hvernig fer námsmat fram ... próf ... ??
4. Félagslíf hvernig er því háttað?

.....

1.
  - Vinnuaðstaðan er hljóðeinangruð þannig að maður truflist ekki af því sem gerist í næstu stofu.
  - Þægileg aðstaða í skólanum þar sem nemendur geta hangið saman þá nýtist lesstofan betur til að læra í.
  - Nemendur hafa aðgang að skólanum til að læra í þegar þeim hentar, hafa annað hvort lykil eða rafrænan aðgang með korti.
2.
  - Það er meira framboð af list- og verkgreinum.
  - Kennsluskrá er opin þannig að nemendur geta að miklu leiti ráðið hvað þeir læra, samt er sameiginlegur grunnur. Þannig væri hægt að ýta undir frekari áhuga nemenda.
  - Leggja niður námsbrautir, hafa bara bóknám og verknám í staðinn.
  - Mætingar eru frjálssar en kennari er til staðar á ákveðnum tímum þá geta nemendur komið og fengið útskýringar og aðstoð. Námið veitur á nemandanum og hann ræður hvort hann vinnur heima hjá sér eða notar vinnuaðstöðu í skólanum.
  - Nemendur 18 ára og eldri ráða mætingunum og námsmat fer eftir því hve vel þeir mæta.
  - Námið fer fram á netinu að stórum hluta, fyrirlestrar og glósur á videó og í podkast formi. Kennslubækur í pdf-formi, fjölbreyttara og meira krefjandi efni svo nemendur langi til að mæta í skólann.
  - Út með lokapróf og inn með símat. Verkefnavinna og mat kennara gildir 100% og nemandi þarf að fá 5-6 í einkunn til að ná áfanganum.

- Hafa val um hvort þú vilt taka próf. Ef þú hefur lélega einkunn getur þú fengið að taka próf til að reyna að bæta hana. Ef þú hefur háa einkunn tekurðu ekki próf.
  - Nemendur ráða á hvaða skala prófin eru; hvort þú tekur 20 eða 30% próf.
- 3.
- Skólinn styður við nemendur með því að gefa þeim meira svigrúm, hjálpa þeim að skipuleggja sig betur og prófa eitthvað nýtt, prófa sig áfram.
  - Fatlaðir nemendur hafa manneskju með sér til að hjálpa sér.
- 4.
- Leggja allt skipulagt félagslíf á vegum skólans niður. Ábyrgðin hvílir á nemendum að skipuleggja sína eigin viðburði.
  - Nemendur fá að taka meiri þátt í hugmyndum og að skipuleggja félagslífið.
  - Nemendur taka það að sér að halda böll, tónleika, íþróttaviðburði og svo er hægt að henda inn einu stykki af djammi. Hafa skemmtanir sem nemendur vilja mæta á og að nemendur hafi sérhúsnæði fyrir sig.

Niðurstöður unnar 31. maí 2010

Ragnhildur Jónsdóttir

Náms- og starfsráðgjafi

Þekkingarneti Austurlands.


## 10. Undirbúningur fyrir háskólanám, FAS nemendur í Háskóla Íslands

Daganna 23. apríl til 30. apríl lagði kennslunefnd háskólaráðs Háskóla Íslands fyrir viðhorfskönnun meðal grunnema þess skóla. Upplýsingar um niðurstöðurnar eftir skólum voru senda til skólans og úr þeim niðurstöðum var mynd 4 unnin. Alls barst 1391 svar og þar af voru 11 frá nemendum úr FAS. Spurningarnar voru tíu fullyrðingar sem nemendur áttu að svara hvort þeir væru: Mjög sammála, Frekar sammála, Hvorki sammála né ósammála, Frekar ósammála eða Mjög ósammála.

Spurningarnar voru þessar:

1. Ég tel að nám mitt í framhaldsskóla hafi verið góður undirbúningur fyrir nám mitt í HÍ.
2. Á fyrsta námsári í HÍ fannst mér of mikið af námsefni framhaldsskólans endurtekið.
3. Mér fannst ég vel fær um að skrifa ritgerðir/skýrslur þegar ég byrjaði í HÍ.
4. Mér fannst auðvelt að tileinka mér námsefni á ensku á fyrsta námsári í HÍ.
5. Munurinn á námi í framhaldsskóla og HÍ var meiri en ég átti von á.
6. Ég álit að undirbúningur minn í stærðfræði hafi verið fullnægjandi þegar ég hóf nám í HÍ.
7. Þegar ég lauk framhaldsskóla var ég vel upplýst(ur) um þá grein sem ég skráði mig í við HÍ.
8. Miðað við núverandi nám mitt í HÍ hefði ég hagað námsvali mínu í framhaldsskóla öðru vísi ef ég ætti kost á að endurtaka leikinn.

9. Mér finnst að ég hafi fengið góða þjálfun í sjálfstæðum vinnubrögðum í framhaldsskóla.
10. Mér finnst að leggja ætti meiri áherslu á þjálfun í gagnrýnni hugsun og rökræðu í framhaldsskóla.



Mynd 4

Það er mjög varhugavert að draga miklar ályktanir af svörum ellefu manna hóps en til þess að sjá einhverjar vísbendingar var sú leið valinn að gefa svörum nemenda mismunandi vægi í tölum. Svörin sem voru Mjög sammála eða ósammála fengu tvöfalt vægi á svör sem voru Frekar sammála eða ósammála. Síðan var hver hlutfallstala margfölduð með viðeigandi stuðli. Ef allir nemendur einhvers skóla væru Mjög sammála einhverri fullyrðingu þá fengi sá skólinn 400 stig fyrir þá spurningu en 0 stig ef allir væru Mjög ósammála.

Það sem helst vekur athygli er að almennt eru nemendur á því að undirbúningur hafi verið góður og að þeir hafi fengið góða þjálfun í sjálfstæðum vinnubrögðum. Nemendur eru einnig nokkuð ánægðir með færni við að skrifa ritgerðir og skýrslur og að tileinka sér efni á ensku. Nemendur FAS skrifuðu tvær almennar athugasemdir og önnur þeirra var að ritgerðarvinna væri meiri í framhaldsskóla en háskóla og að það væri stærsti kostur framhaldsskólans, í háskóla væri engin þjálfun í því. Hinn athugasemdin var sú að kröfurnar hefðu mátt vera meiri í framhaldsskóla. Varðandi stærðfræðina þá eru fleiri óánægðir en ánægðir með undirbúninginn fyrir háskólanámið. Í heildina kemur FAS þokkalega út úr þessari könnun en allan vara þarf að hafa á með áreiðanleika vegna þess hve fáir nemendur eru á bak við niðurstöðurnar.

## Lokaorð

Í þessari skýrslu hefur verið gerð grein fyrir sjálfsmati Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu veturinn 2009 til 2010. Lýst hefur verið einstaka þáttum og hvernig staðið hefur verið að mælingum. Einnig hefur verið gerð grein fyrir því hvernig brugðist hefur verið við niðurstöðum mælinga og athugana.

Hlutur nemenda í heildarmatinu er áberandi en í fjórum þáttum af tíu er beint verið að vísa til þeirra álits. Ekki er hægt að draga aðra ályktun en þá af svörum nemenda en að þeir séu almennt sáttir við uppbyggingu og þróun skólans. Fundir kennara og annarra starfsmanna eru líka áberandi þáttur matsins enda eru það starfsmenn sem helst móta og þróa starf skólans.

Á tímum mikilla breytinga á umgjörð skólans og vegna fyrirhugaðra breytinga á starfsemi hans þarf að huga að því hvort núverandi form á sjálfsmati henti nýju skipulagi, verði í samræmi við nýja skólanámskrá og sé nægjanlega umbótamiðað eins og kveðið er á um í skólasamningi að innra mat skólans eigi að vera. Það er mikilvægt verkefni skólans veturinn 2010 til 2011 að leita svara við þessum spurningum.

## Viðauki

### Áfangamat nemenda á haustönn 2009

Hver kennari leggur þetta mat fyrir í þeim áföngum sem hann kennir. Matið er lagt fyrir í kennslustundum daganna 26.11. til 1.12.. Eftir að nemendur hafa svarað þá setja þeir svarblöðin í umslag merkt áfanganum og síðasti nemandinn sem setur svarblað sitt í umslagið lokar því. Umslagið verður ekki opnað fyrr en kennari hefur gefið vinnueinkunn í áfanganum. Kennarinn vinnur svo úr niðurstöðum og ræðir þær við skólameistara.

Nafn áfanga: \_\_\_\_\_

1. Hversu vel nýttust kennslustundirnar í áfanganum þér til náms í honum?  
 Mjög vel  
 Vel  
 Sæmilega  
 Lítið  
 Mjög lítið  
 Vil ekki svara
2. Hve vel nýttust almennar útskýringar kennara í kennslustundum þér til náms í áfanganum?  
 Mjög vel  
 Vel  
 Sæmilega  
 Lítið  
 Mjög lítið  
 Vil ekki svara
3. Hversu mikla einstaklingsbundna aðstoð fékkst þú í áfanganum?  
 Mjög mikla  
 Mikla  
 Nokkra  
 Litla  
 Mjög litla  
 Vil ekki svara
4. Skrifðu nokkur orð um það sem þér fannst gott og það sem hefði mátt vera betra í áfanganum. Hafðu meðal annars í huga skipulag kennarans, viðmót hans, stuðning og endurgjöf.

---

---

---

---

---